



Fréttabréf OKTÓBER

VATNSENDASKÓLI

Frá skólustjóra.

Skólaárið hefur farið vel af stað. Við höfum haft mikla aðgát varðandi sóttvarnir og smit og munum halda því áfram. Við erum þó farin að opna skólann meira fyrir foreldrum og höfum verið með fund með foreldrum nemenda í 5. bekk og munum í næstu viku hitta foreldra nemenda í 1. og 8. bekk. Á þessum fundum förum við yfir þær breytingar sem biða nemenda þegar þeir hefja skólagöngu eða fara mið- og elsta stig. Skráning er á fundina og hvet ég alla foreldra nemenda í þessum árgöngum að koma.

Í nóvember verða nemenda- og foreldraviðtöl og bjóðum við foreldrum að koma í skólann. Ef þið kjósið að hitta kennara rafrænt getið þið haft samband við þá og fundið tíma. Það er mikilvægt fyrir nemendur og foreldra þeirra að hitta á kennara og fara yfir námið og líðan í skólanum og hvet ég alla til að panta tíma og hitta á kennara.

Nokkrir árgangar eru farnir að hafa bekkjarkvöld og framundan eru nokkrar bekkjarskemmtanir. Bekkjarkvöld er mikilvæg fyrir börnin ykkar, þau eru vettvangur til að hittast utan skólatíma og gera eitthvað skemmtilegt saman. Þetta er ekki síður vettvangur fyrir foreldra til að hittast og kynnast og mynda tengsl sín á milli, það er mikilvægt fyrir foreldra að þekkja aðra foreldra. Þetta á við um alla árganga og hvet ég ykkur til að hafa bekkjarkvöld sem fyrst.

Bestu kveðjur,

María Jónsdóttir, skólustjóri Vatnsendaskóla



Réttindaskóli

Nú styttest í að umsókn Vatnsendaskóla að verða réttindaskóli verði tekin fyrir hjá Unicef. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.

Réttindaráð skólans hefur reynt að funda á tveggja vikna fresti þó má geta þess að vegna heimsfaraldursins þurfti að fella marga fundi niður. Við erum því full tilhlökkunar að geta nú farið á fulla ferð í þessari mikilvægu vinnu. Í ráðinu eru 18 nemendur, ásamt tveimur kennurum, fulltrúa foreldra og forstöðumenn Dimmu og Stjórnuheima. Réttindaskóli Unicef mun fara yfir undirbúningsvinnu okkar. Hægt er að skoða fundagerðir réttindaráðsins á heimasíðu skólans.

Við viljum minna á :

- ◆ Sleppisvæði við Vatnsendaveg til að minnka umferð í kringum skólann.
- ◆ Vespur mega ekki aka á skólalóðinni. Almennar reglur um vespur og notkun þeirra er að finna hér
- ◆ Allir nemendur í 1.-7. árg. eiga að koma klæddir eftir verðri. Gott er að hafa auka sokka í töskunni á blautum dögum.

Erasmus + verkefni

Vatnsendaskóli tekur þátt í tveimur Erasmus+ verkefnum í vetur. Verkefni eru valáfangar í 8.-10. árgöngum. Verkefnið, Eco thinking for Eco living hófst með formlegum hætti þann 26. september sl. með heimsókn til okkar.

Nemendur, kennarar og stjórnendur lögðu mikla vinnu á sig til að dvöl þátttakenda yrði sem lærdómsríkust. Það var dásamlegt að fylgjast með öllum sem tóku þátt í verkefninu. Nemendur stóðu sig með miklum sóma. Margar ferðir voru farnar þessa viku, sem dæmi var Hellisheiðarvirkjun heimsótt ásamt því að fara Gullna hringinn, þá var farið í Perluna, upp að gosi, Gunnuhver skoðaður, Brúin milli heimsálfa heimsótt, miðbærinn skoðaður, við fengum heimsókn frá Landsvirkjun, fengum kynninu í Friðheimum og borðum dásamlega tómatsúpu og nýbakað brauð, heimsóttum Hveragarðinn, stórskemmtilegur kvöldverður í skólanum með foreldrum og margt annað. Við viljum hrósa og um leið þakka foreldrum og nemendum fyrir gott samstarf, án ykkar væri þetta ekki framkvæmanlegt. Við erum mjög spennt fyrir komandi vetri.



Erasmus + vikan einkenndist af virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi starfi.

Áhugaverðar dagsetningar í október og nóvember

- Skipulagsdagur 15. október
- Vetrarfrí 25.-26. október
- Nemenda- og foreldraviðtöl 1.-11. nóvember
- Erasmus+ FC 8.-12. nóvember. 2 kennarar/ stjórnendur
- Erasmus+ ECO 15.-20. nóvember. 5. nemendur og 2 kennarar/stjórnendur
- Uglan - lestrarátak 1.-10. árg. 8.-12. nóvember
- Dagur íslenskra tungu 16. nóvember
- Skipulagsdagur 18. nóvember—frístund lokuð

Vatnsendaskóli notar **Mentor** til að halda utan



um námsárangur, mætingar og annað sem að við kemur nemendum. Hér er að finna **handbók** fyrir aðstandendur sem gott er að kynna sér. Við minnum einnig á að hægt er að skrá leyfi og sveikindi nemenda í gegnum Mentor appið.

Spjaldtölvuvefur Kópavogsbæjar

Gagnlegar og mikilvægar upplýsingar eru að finna á spjaldtölvuvefnum.

Smelltu [hér til](#) að skoða vefinn.

Námsvefur Vatnsendaskóla

Inn á námsvef Vatnsendaskóla er margt áhugavert þar má t.d finna námsefniskynningar og kennsluáætlanir. Smelltu [hér til](#) að skoða námsvefinn okkar.



Mötuneyti Vatnsendaskóla er starfrækt fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans. Lögð er áhersla á fjölbreytta fæðu og starfar mötuneytið eftir lýðheilsu-markmiðum. Hér er að finna [matseðil](#) næstu vikna.

Við minnum á að Vatnsendaskóli er [hnetu-](#), [möndlu-](#) og [kívílaus](#) skóli.



Nemendur og foreldrar eru hvattir til að senda hugmyndir að nýjum og áhugaverðum réttum á alfred@kopavogur.is.

Saman gerum við gott mötuneyti betra !

Foreldra- og nemedaviðtöl í 1.-10. árgöngum eru dagana 1.-11. nóvember 2021. Viðtölin fara fram í skólanum en foreldrar geta óskað eftir rafrænu viðtali. Skráning í viðtölin fara fram í gegnum Mentor dagana 18. – 22. október 2021.


Í Dótakassanum er fjallað um ýmislegt sem tengist ungu fólki og hvernig hægt er að hafa uppbyggileg áhrif á eigin líðan og heilsu. Umsjónarmaður hlaðvarpsins Bóas Valdórsson er sálfræðingur Menntaskólans við Hamrahlíð og Vatnsendaskóla. Nýjasta hlaðvarpið fjallar um að setja sér markmið. Við hvetjum ykkur til að gefa ykkur tíma til að hlusta.

Hér er að finna slóð á hlaðvarpið: [Dótakassinn](#)

Dótakassinn

Hlaðvarp

Bók mánaðarins



Ef þú ert fær í að skipuleggja og gera áætlanir gengur allt betur í lífinu. Og vittu til – þessi færni hjálpar þér líka við að ná markmiðum þínum! Bókin er full af dæmum, verkefnum og ýmsu skemmtilegu.

Í Lærðu að skipuleggja og gera áætlanir er líka talað sérstaklega við foreldra og þeim gefnar ráðleggingar.

Fréttir af skólastarfi

3. árgangur

3. Blágresi byrjaði veturinn á verkefni um húsdýr samþætti í íslensku og náttúrufræði og endaði þá vinnu í ferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í lok september þar sem við fengum fræðslu um húsdýrin í sól og blíðu.



Í verklegri náttúrufræði hafa nemendur skráð allt sem þeim langar að læra í vetur. Við byrjuðum veturinn á að skoða skordýr í víðsjá. Í einni sundferðinni í Boðaping rákust nemendur á fiðrildi sem þau veiddu í bolla og komu með til umsjónarkennara. Við nánari skoðun kom í ljós að þetta fiðrildi heitir Rauður aðmírall (Vanessa atalanta) og er flæk- ingur hér á landi. Með hjálp frá smíðakennara var gert heimatilbúið búr fyrir fiðrildið. Það hefur lifað í góðu yfirlæti hjá 3. bekk í rúmar þrjár vikur og þegar það var gómað var gengið um skólann og farið í alla árganga að sína fiðrildið. Nemendur í 3. Blágresi fylgjast með fiðrildinu alla virka daga og gefa því ávexti og blóm að borða. Okkur fannst því kjörið að taka fyrir verkefni um lífsferil fiðrildis og leyfa nemendum að

afla sér upplýsinga á netinu um fiðrildið og skrá það sem þeim finnst áhugavert ásamt því sem þau hafa lært á því að fylgjast með fiðrildinu.

5. árgangur

5. Glitrós hefur margt gert á þessu skólaári. Við erum búin að fara í eina vettvangsferð í Hörpu að sjá Undur veraldar með Stjörnu-Sævar, sú ferð gekk mjög vel.

Í stærðfræði höfum við unnið fjölbreytt verkefni til dæmis Karmelluverkefni þar sem nemendur áttu að leysa þraut og taka sig síðan upp þar sem þau útskýra lausnaleiðina, má sjá nánar á fésbókarsíðu skólans.

Við unnum einnig útiverkefni þar sem nemendur spiluðu leiki og notuðu reikniaðgerðirnar fjórar eftir leikreglum á hverri stöð. Stöðvarnar voru keila, pokakast, Mölkkey, hringjakast og spil.

Við í 5. árg. höfum einnig unnið verkefni um náttúruhamfarir, loftslag og veður á Ísland og kortaverkefni á Seesaw.



9. árgangur

Margt og mikið hefur verið brallað á unglíngastiginu í upphafi skólaársins og verkefni af ýmsum toga. Í spretti fengu nemendur í 9. bekk það verkefni að kynna sér eina raunverulega eldstöð að eigin vali og þurftu að útbúa nákvæmt líkan af eldfjallinu úr pappmassa, plastflösku o.fl.

Seinni hluti verkefnisins var svo að kynna eldfjallið sjálft fyrir yngri bekkjum skólans (1.-3. bekk) og láta eldfjallið gjósa. Óhætt er að segja að kynningarnar hafi slegið í gegn meðal yngri nemenda og þá sérstaklega þegar „krafturinn“ í gosinu varð aðeins meiri en reiknað var með.

Endilega smellið HÉR, því sjón er sögu ríkari

